

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 164/2019

frá 14. júní 2019

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum 98. gr., og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1843 frá 23. nóvember 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2452 að því er varðar umfang sniðmáts vegna upplýsinga um iðgjöld, tjón og rekstrarkostnað eftir löndum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1844 frá 23. nóvember 2018 um breytingu og leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2450 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát fyrir gagnaskil til eftirlitsyfirvalda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ⁽²⁾.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IX. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 1p (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/2450):
„- **32018 R 1844:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1844 frá 23. nóvember 2018 (Stjtið. ESB L 299, 26.11.2018, bls. 5).“
2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 1r (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/2452):
„- **32018 R 1843:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1843 frá 23. nóvember 2018 (Stjtið. ESB L 299, 26.11.2018, bls. 2).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 2018/1843 og (ESB) nr. 2018/1844, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 299, 26.11.2018, bls. 2.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 299, 26.11.2018, bls. 5.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018 ⁽³⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júní 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

* Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽³⁾ Óbirt.